

D ó m s o r ð:

Stefndi, Útgerðarfélagið Njörður h. f., skal sýkn af kröfu stefnanda, Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk.

Stefnandi, Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk, skal í gagnsök greiða stefnda, Útgerðarfélaginu Nirði h. f., Nkr. 55.800.00 með 11% ársvöxtum frá 25. september 1981 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu bæði í aðalsök og gagnsök.

Föstudaginn 19. október 1984.

Nr. 237/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Harry Bennett

(Páll A. Pálsson hrl.)

og

Kjartani Skaftasyni

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var að ósk ákærðu áfrýjað að því er þá varðar 9. september 1983. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 23. mars sl.

Fallast ber á sakarmat hins áfrýjaða dóms og færslu brota hinna ákærðu til refsíákvæða. Þá ber að staðfesta niðurstöðu dómsins um

viðurlög á hendur ákærða Harry Bennett að öðru leyti en því, að vararefsing sektar verði 20 daga fangelsi og að frá refsivist skuli draga gæsluvarðhaldsvist ákærða í 21 dag, en hann var úrskurðaður í gæslu kl. 2345 hinn 4. júní 1983 og leystur úr henni kl. 1710 hinn 25. sama mánaðar.

Refsing ákærða Kjartans Skaftasonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi 45 daga og 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Vararefsing sektar skal vera 10 daga fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og upptöku að því er ákærðu varðar.

Ákærðu verða dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þannig að hvor greiði málsvarnarlaun verjanda síns, en annan kostnað greiði þeir in solidum, þar með talin málssóknarlaun, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Harry Bennett sæti fangelsi 4 mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, 21 dag. Hann greiði 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Kjartan Skaftason sæti fangelsi 45 daga. Hann greiði 10.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga fangelsi fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og um sakarkostnað skulu vera óröskuð að því er ákærðu varðar.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þannig að ákærði Harry greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur, og ákærði Kjartan málsvarnarlaun verjanda síns, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur, en annan kostnað greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel ljóst af gögnum málsins, að hrein viðskipta- og gróðasjónarmið hafi legið að baki öflun og dreifingu fíkniefna þeirra, sem fjallað er um í máli þessu, og að því er ákærða Harry Bennett varðar hafi hann beinlínis lagt í ferð til útlanda í þeim einum tilgangi að flytja fíkniefni til landsins í ávinningsskyni.

M.a. með þetta í huga tel ég, að fangelsisvist Harry Bennett ætti að ákvarðast 6 mánuðir og sekt hans svo sem í héraðsdómi greinir og vararefsing 20 daga fangelsi.

Ég tel refsingu Kjartans Skaftasonar hæfilega ákvarðaða í héraðsdómi, en tel vararefsingu sektar eiga að vera 15 daga fangelsi.

Að öðru leyti er ég sammála meiri hluta dómara Hæstaréttar í máli þessu, þ.e. um upptöku og sakarkostnað í héraði svo og um áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 19. júlí 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 19. júlí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinsyni ftr. við undirritaða votta og þá kveðinn upp dómur í máli þessu.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 8. júlí 1983, gegn:

1. G . . .
2. Harry Bennett verkamanni, Hafnarbraut 12, Höfn í Hornafirði, fæddum 21. mars 1956 í Skotlandi.
3. M . . .
4. Kjartani Skaftasyni, verkamanni, Meistaravöllum 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 29. desember 1959.
5. E . . .
6. Þ . . .

fyrir eftirfarandi meint brot á fíkniefnalöggjöfinni, talin framin á þessu ári:

„I. Ákærðu G, Harry og sambýliskona hans M.

Fyrir utanför ákærðu G og Harry til London 1. maí skipulagt og lagt fram fé til kaupa á hassi, sem G og Harry keyptu svo þar í borginni í fyrri hluta maí, samtals um 850 gr. fyrir 1500 sterlingspund, seldu af því 40 gr. í Glasgow fyrir 80 pund og fluttu um 800 gr. hingað til lands 13. maí fólgði í líkómum sínum og farangri. Ákærðu, sem töldust eiga efnið að jöfnu, höfðu það í vörslum sínum um skeið á Höfn í Hornafirði og seldi ákærði Harry þar ónefndu fólki 10 gr. á

kr. 250 hvert gramm. Megnið af efninu flutti ákærði G með sér til Reykjavíkur 29. maí og hóf sölu þess með eftirgreindum hætti, en söluandvirðinu hugðust ákærðu skipta með sér:

Fyrir milligöngu meðákærða E selt meðákærða Kjartani samtals um 380 gr. á um kr. 200 hvert gramm að Meistaravöllum 25 í Reykjavík, selt meðákærða Þ samtals um 110 gr. á kr. 250 hvert gramm og meðákærða E um 30 gr. á sama verði.

Ákærði G var handtekinn í Reykjavík 3. júní með 126 gr. af hassinu í fórum sínum og á þáverandi dvalarstað hans þar í borg fundust kr. 83.000 og 50 þýsk mörk, sem hann hafði aflað með sölu efnisins. Þann 7. júní fundust um 81 gr. af hassinu í vörslum ákærðu Harry og M við heimili þeirra og var lagt hald á hassið og peningana.

II. Ákærðu Kjartan, E og Þ.

1. Ákærða Kjartani er gefið að sök að hafa tvívegis um mánaðamót maí/júní keypt hass af meðákærða G að heimili sínu, samtals um 380 gr. á kr. 200 hvert gramm, sbr. lið I, selt ónefndum mönnum um 200 gr. á kr. 250 hvert gramm og haft efnið að öðru leyti til eigin nota og kunningja sinna að undanskildu 1,3 gr., sem fannst við hútleit á heimili Kjartans 15. júní og lagt var hald á.

IV. Framangreind brot ákærðu teljast varða við 2. mgr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, að því er varðar brot ákærða E í lið II. 2. A.

- V. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á hassi og andvirði þess samkvæmt 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974 svo sem hér segir:

Ákærði G, Harry og M sæti upptöku á rúmum 207 gr. af hassi og kr. 83.000 og 50 þýskum mörkum, ákærði Kjartan sæti upptöku á 1,3 gr. af hassi og ákærði Þ sæti upptöku á 135 gr. af hassi.“

Ákæruliður I.

Ákærðu G, Harry og sambýliskona hans M.

Ákærði G var handtekinn hér í borg þann 3. júní sl., þá með í fórum sínum 126.1 gramm af hassi. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sama dag viðurkenndi ákærði G að hafa í samvinnu við meðákærða Harry Bennet skipu-

lagt og keypt um 850 grömm af hassi í London og flutt hingað til lands rúm 800 grömm af efninu eftir að hafa selt 15-20 grömm efnisins í nágrenni Glasgow fyrir 50 ensk sterlingspund.

Ákærði G bar við nefnda lögregluþyrheyrslu, að skömmu eftir síðustu áramót hafi hann ásamt meðákærða Harry tekið að hugleiða innflutning og sölu fikniefna hingað til lands. Töldu þeir ágóðavon mikla vegna hins háa verðlags á fikniefnum hér á landi. Ákærði G lýsti fjármögnun utanfarar sinnar og meðákæðra Harry, en þeir héldu til Englands 1. maí sl. Í London kvað ákærði þá féлага hafa keypt alls um 850 grömm af hassi, og keyptu hvor helming efnisins, Þá kvað ákærði G 15-20 grömm hafa verið seld í nágrenni Glasgow fyrir 50 ensk sterlingspund. Eftirstöðvar efnisins voru fluttar hingað til lands á þann hátt, að ákærðu Harry og G hnoðuðu úr hassinu smáar kúlur og gleyptu þannig rúmar 200 slíkar kúlur, þar sem hver kúla var vafin inn í getnaðarverju. Hluti efnisins var geymdur í tjaldsúlu ákærðu. Ákærði G kvað þá féлага hafa komið hingað til lands þann 13. maí sl. úr ofangreindri ferð. Eftir dvöl í Reykjavík eina nótt hafi þeir haldið til Hafnar í Hornafirði, þar sem þeir höfðu aðsetur hér á landi. Ákærði G kvað þá féлага hafa losnað við efnið úr líkómum sínum á Höfn.

Ákærði G lýsti sölu á verulegum hluta efnisins fyrir milligöngu E.

Ákærði G bar hér fyrir dómi 4. júní sl. efnislega á sama veg og rakið var hér að framan. Varðandi ráðstöfun efnisins kvaðst ákærði fyrir milligöngu meðákærða E og að viðstöddum meðákærða Þ í tvö skipti hafa selt meðákærða Kjartani alls 380 grömm af efninu á kr. 74.800. Efnið var afhent 29. maí og 1. júní sl.

Þá kvaðst ákærði G hafa skilið eftir á Höfn í Hornafirði 70-80 grömm af efninu í fórum meðákærða Harry Bennet. Þá kvaðst ákærði G hafa selt meðákærðu Þ 80 grömm og E 31 gramm.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 9. júní sl. kvað ákærði G meðákærða Þ hafa fengið alls 110 grömm af efninu í þremur afhendingum.

Ákærði G kvað hafa verið ákveðið að skipta kostnaði af ferð sinni og meðákærða Harry til London í þrjá jafna hluta. Ákærði G kvað hafa verið fyrirhugað að skipta væntanlegum ágóða í þrjá jafna hluta, þ.e. milli sín og meðákærðu Harry og M.

Ákærði G kom hér fyrir dóm 25. júní sl. og staðfesti þá framburði sína hjá lögreglu og bar efnislega á sama veg varðandi meint sakarefni.

Ákærði G kom enn hér fyrir dóm 11. júlí sl. og hafði þá engar athugasemdir fram að færa varðandi ákærulið I og kvað ákæruliðinn í samræmi við lokaframburði sína undir frumrannsókn málsins.

Ákærði Harry var yfirheyrður hér fyrir dómi 4. júní sl. og bar þá af sér allar sakir varðandi fikniefnamisferli.

Ákærði Harry var yfirheyrður hjá lögreglu 8. júní sl. og bar þá efnislega

á sama veg og meðákærði G varðandi meinta utanför og hasskaup þeirra félaga í London og flutning efnis hingað til lands. Ákærði Harry kvað þá félaga hafa selt 40 grömm af hassi í Glasgow og fengið fyrir efnið 80 ensk pund.

Ákærði Harry var yfirheyrður hjá lögreglu 13. júní sl. og bar þá um fjármögnun utanfarar þeirra, er að ofan er rakin. Kvað ákærði Harry sig ásamt meðákærðu M hafa lagt fram tvo þriðju hluta fjárins og hafi verið meiningin að skipta væntanlegum ágóða í sömu hlutföllum.

Ákærði Harry bar um sölu sína á 10 grömmum af hassi til tveggja sér ókunnugra aðilja á Höfn fyrir 250 krónur hvert gramm.

Framburðir ákærðu Harry og G voru efnislega á sama veg við rannsókn málsins, og ákærði Harry staðfesti framburði sína hér fyrir dómi 25. júní sl. og bar þá efnislega á sama veg og hann hafði gert við lögregluyfirheyrslur.

Ákærði Harry bar við nefnda dómsyfirheyrslu 25. júní sl. um þátt meðákærðu M. Ákærði Harry kvað meðákærðu hafa vitað fyrirfram um hin fyrirhuguðu fikniefnakaup og að fjárframlag hennar yrði notað til kaupanna og loks að hún hefði átt að njóta þriðjungs væntanlegs hagnaðar.

Ákærði Harry var yfirheyrður hér fyrir dómi 11. júlí sl. og kvað sig hafa skýrt rétt frá meintu broti sínu hér fyrir dómi og hjá lögreglu undir frumrannsókn málsins og hafði engar athugasemdir fram að færa varðandi ákærulið I, en taldi atvikum þar rétt lýst.

Ákærða M var yfirheyrð hjá lögreglu 7. júní sl. og hafði þá vísað lögreglu á 81.4 grömm af hassi, er grafið hafði verið í jörðu við sameiginlegt heimili hennar og meðákærða Harry.

Ákærða M bar um vitneskju sína um utanför meðákærða og heimkomu með hass í fórum sínum.

Við lögregluyfirheyrslu 7. júní sl. var bókað eftir M:

„Aðspurð um frekari málavexti, kveðst mætta vilja taka fram það að hún hafi ekki verið þátttakandi í þessu fikniefnamisferli, að öðru leyti en því að hún og Harry séu saman og hafi verið það síðastliðin fjögur ár. Hann hafi tekið þá ákvörðun að flytja þetta hass inn ásamt G, og hún þá orðið ósjálfrátt þátttakandi vegna samneytis hennar við Harry.“

Ákærða M var yfirheyrð hjá lögreglu 16. júní sl., og kvað hún meðákærða Harry hafa tekið fé út af sameiginlegum reikningi þeirra og hafi það fé verið notað til fikniefnakaupanna, en ákærða M kvaðst hafa bedið meðákærða Harry að greiða skuld fyrir sig í Englandi, en ákærða M kvaðst hafa vitað um fyrirhuguð fikniefnakaup meðákærðu.

Ákærða M kvað aldrei hafa komið til tals, að hún fengi fé sitt endurgreitt með væntanlegum ágóða af fikniefnasölu meðákærðu.

Ákærðu G og M voru samprófuð hjá lögreglu 16. júní sl., og bar ákærði

G þá á sama veg og fyrr, þ.e. að væntanlegum ágóða af fíkniefnasölunni yrði skipt í þrjá jafna hluta milli sín og meðákærðu Harry og M.

Ákærðu G og M voru samprófuð hjá lögreglu 16. júní sl., og bar ákærði G þá á sama veg og fyrr, þ.e. að væntanlegum ágóða af fíkniefnasölunni yrði skipt í þrjá jafna hluta milli sín og meðákærðu Harry og M.

Ákærða M kvaðst við samprófunina hafa heyrt, að skipting væntanlegs söluhagnaðar hafi átt að vera þannig, að ákærði G fengi þriðjung og meðákærði Harry tvo þriðju hluta.

Ákærðu M og Harry voru samprófuð hjá lögreglu 16. júní sl., og bar ákærða M þá á sama hátt og fyrr.

Ákærði Harry kvað hafa verið fyrirhugað að skipta efninu, er komið var með til landsins, þannig, að meðákærði G fengi þriðjung og hann, Harry, tvo þriðju hluta. Í sömu hlutföllum hafi átt að skipta væntanlegum söluhagnaði.

Ákærði bar hér fyrir dómi 25. júní sl., að hann hafi ráðið af samtölum við meðákærðu Harry og M, að væntanlegur hagnaður af sölu fíkniefnanna ætti að skiptast í þrjá jafna hluta milli ofangreindra aðilja.

Ákærði Harry bar hér fyrir dómi 25. júní sl., að hann hafi við upphaf farar sinnar og meðákærða G haft 1300 ensk pund til umráða, og var það sameiginlegt fé hans og meðákærðu M, sem hafi vitað um hin fyrirhuguðu hasskaup og að fé hennar yrði notað til kaupanna. Þá hafi M vitað, að kostnaði vegna ferðarinnar yrði skipt í þrjá hlut og væntanlegum hagnaði einnig. Ákærði Harry kvaðst hafa átt tvo þriðju hluta efnisins og væntanlegs hagnaðar og hefði M verið látin njóta þriðjungs hagnaðar, ef allt hefði farið eins og ráðgert var.

Ákærða M var yfirheyrð hér fyrir dómi 11. júlí sl. Ákærða bar á sama veg og fyrr varðandi vitneskju sína um utanför meðákærðu og fyrirhuguð fíkniefnakaup. Ákærða M kvaðst ekki hafa átt þátt í för meðákærðu og ekki hafa átt von á fé vegna væntanlegs ágóða af fíkniefnasölu ákærðu.

Ákæruliður II.

— — —
 Ákærði Kjartan var yfirheyrður hjá lögreglu 15. júní sl. og lýsti þá kaupum á 350 grömmum af hassi frá meðákærða G, og kostaði hvert gramm efnisins kr. 200. Ákærði kvað afhendingar hafa verið tvær og farið fram að Meistaravöllum 25 hér í borg. Ákærði bar um milligöngu meðákærða E. Ákærði kvaðst hafa selt 200 grömm af efninu fyrir 250 kr. hvert gramm ónafngreindu fólki.

Ákærði Kjartan kom hér fyrir dóm 13. júlí sl. og bar þá um kaup sín af meðákærða G. Ákærði bar svo sem hann hafði áður gert varðandi hlutdeild meðákærðu E og Þ er höfðu orð fyrir ákærða.

Framburður meðákærða G var rakinn hér að framan, og kvaðst hann hafa selt ákærða Kjartani alls 380 grömm í tveim afhendingum.

Ákærði E var yfirheyrður hjá lögreglu 6. júní sl. og bar þá um hlutdeild sína í ofangreindri meintri háttsemi. Ákærði E staðfesti ofangreint hér fyrir dómi 13. júlí og bar þá einnig um hlut meðákærða Þ.

Ákærði Þ var yfirheyrður hjá lögreglu 21. júní sl. og bar þá um aðstoð sína við að koma viðskiptum á, svo sem rakið hefur verið. Ákærði Þ kvaðst vita, að meðákærði G seldi meðákærða Kjartani hass í tvö skipti og að afhendingarnar hafi farið fram að Meistaravöllum 25 hér í borg.

Ákærði Þ bar efnislega á sama veg hér fyrir dómi 13 júlí sl.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður I.

Sannað þykir með framburðum ákærðu G og Harry og með vísan til gagna málsins, að þeir hafi í sameiningu lagt á ráðin um utanför þá, er um getur í þessum ákærulið. Lögðu þeir fram fé til fararinnar auk þess sem ákærða M lagði fram fé, er hún vissi, að notað yrði til kaupanna. Ákærðu Harry og G keyptu um 850 grömm af hassi í London í byrjun maí og greiddu 1500 sterlingspund fyrir. Ákærði Harry og G seldu a.m. k. 20 grömm af efninu í Glasgow fyrir um 50 sterlingspund, en fluttu síðan um 800 grömm efnisins hingað til lands 13. maí sl., og var efnið að mestu leyti fólgið í líkómum hinna ákærðu G og Harry, en hluti var fólgin í farangri.

Með vísan til framburða ákærðu og með vísan til gagna málsins verður gengið út frá því, að ákærði Harry hafi átt tvo þriðju hluta efnisins, en ákærði G einn þriðja hluta og hafi væntanlegur ágóði af sölu efnisins átt að skiptast í samræmi við það.

Eftir komu til landsins 13. maí höfðu hin þrjú ákærðu efnið í vörslum sínum á Höfn í Hornafirði, þar sem ákærði Harry seldi ónafngreindum aðiljum 10 grömm efnisins á kr. 250 hvert gramm.

Ákærði G flutti megnið af efninu með sér til Reykjavíkur 29. maí 1983 og seldi Kjartani Skaftasyni 350 grömm á um kr. 200 hvert gramm að Meistaravöllum 25 hér í borg. Naut ákærði milligöngu meðákærða E og Þ við söluna.

Þann 7 júní sl. fundust 81 gramm af hassinu í vörslum ákærðu Harry og M við heimili þeirra á Höfn í Hornafirði.

Ákærðu G, Harry og M hafa því samkvæmt framanrituðu unnið til refsingar.

Ákæruliður II, 1.

Dóminum þykir sannað með framburði ákærða, sem studdur er af framburðum meðákærðu G, E og Þ, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að miðað verði við 350 grömm af hassi, er keypt voru af meðákærða G.

Ákærði Kjartan keypti alls 350 grömm af hassi af meðákærða G á kr. 200 hvert gramm. Afhendingar voru tvær að Meistaravöllum 25 hér í borg. Ákærði Kjartan seldi ónafngreindum aðiljum 200 grömm af efninu á 250 kr. hvert gramm, en hafði efnið að öðru leyti til eigin nota og veitti kunningjum að undanskildu 1.3 grammi, er lagt var hald á við húsleit á heimili ákærða Kjartans þann 15. júní sl.

Ákærði Kjartan hefur samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

— — —

Brot ákærða G og Harry varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974. Vegna sölu ofangreindra aðilja í Glasgow ber og að vísa til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

— — —

Brot ákærðu E, Kjartans og Þ varða við ofangreind ákvæði laga nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. lög nr. 75, 1982, og ofangreind ákvæði reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 varðandi brot ákærða E í ákærulið II, 2 A.

Ákærðu G og Harry sammæltust við framningu brota sinna, og verður það virt þeim til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 2. mgr. 70 gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Aðferð við flutning fíkniefnanna hingað til lands þykir bera vott um styrkan og einbeittan brotavija ákærðu G og Harry, sbr. 1. mgr. 6. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu G og Harry hafa ekki áður sætt kæru eða refsingum hér á landi.

Refsing ákærðu G og Harry verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til gagna málsins þykir refsing ákærðu G og Harry hvors fyrir sig hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 skulu til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu koma 22 dagar, er hvor fyrir sig sætti gæsluvarðhaldi vegna málsins.

Sannað þykir, að ákærðu G og Harry frömdu brot sín með þeim ásetningi að afla sér fjárhagslegs ávinnings. Með vísan til 2. mgr. 49. gr. i.f. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr.

og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, er ákærðu gert að greiða kr. 20 þúsund í sekt til ríkissjóðs hvorum fyrir sig.

Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 40 daga í sektar stað.

— — —
 Ákærði Harry greiði skipuðum verjanda, Páli A. Pálssyni hrl., kr. 2.500 í málsvarnarlaun og kr. 2.000 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Refsing ákærða Kjartans verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði Kjartan keypti 350 grömm af hassi og seldi með hagnaði 200 grömm. Þá afhenti hann kunningjum af efni því, sem eftir var.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða Kjartans hæfilega ákveðin sem varðhald í 60 daga.

Með vísan til 49. gr., 2. mgr. i.f., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr. og 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, er ákærða Kjartani gert að greiða kr. 15 þúsund í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, komi varðhald í 30 daga í sektar stað.

— — —
 Ákærðu G, Harry, M, E og Kjartan greiði in solidum kostnað af matsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 18. júlí 1983, alls kr. 2.713.

Þann sakarkostnað, er ekki hefur verið sérgreindur, greiði ákærðu in solidum.

Fallist er á allar upptökukröfur ákæruvaldsins. Ákærðu G og Harry sæti upptöku á 207 grömmum af hassi, merktu efnaskrá nr. 990 og 996, og kr. 83.000 og 50 þýskum mörkum.

Ákærði Kjartan sæti upptöku á 1.3 grömmum af hassi, merktu efnaskrá nr. 1003. Ákærði Þ sæti upptöku á 135 grömmum af hassi, merktu efnaskrá nr. 944.

Varðandi upptökuheimild vísast til 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974.

D ó m s o r ð:

— — —
 Ákærði, Harry Bennett, fæddur 21. mars 1956, skal sæta fangelsi í fjóra mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 22 dagar, er ákærði Harry sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Ákærði Harry greiði kr. 20 þúsund í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi fangelsi í 40 daga í sektar stað.

Ákærði Harry greiði skipuðum verjanda, Páli A. Pálssyni hrl., kr. 2.500 í málsvarnarlaun og kr. 2.000 vegna réttargæslu sama lögmanns.

Ákærði, Kjartan Skaftason, fæddur 29. desember 1959 í Reykjavík, skal sæta varðhaldi í 60 daga.

Ákærði Kjartan greiði kr. 15 þúsund í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi varðhald í 30 daga í sektar stað.

— — —
 Ákærðu G, Harry, M, E og Kjartan greiði in solidum matsgerð Rannsóknastofu í lyfjafræði dags. 18. júlí 1983, alls kr. 2.713.

— — —
 Þann hluta sakarkostnaðar, sem ekki hefur verið sérgreindur, greiði ákærðu in solidum.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 207 grömm af hassi, merktu efnaskrá nr. 990 og 996, 1.3 gramm af hassi, merktu efnaskrá nr. 1003. . . . Þá skulu upptækar til ríkissjóðs kr. 83.000 og 50 þýsk mörk, merkt munaskrá nr. 326. Allt ofangreint er nú í vörslum dómsins.

Föstudaginn 19. október 1984.

Nr. 194/1984. **Protabú Skrifstofutækni h/f**

gegn

Alþýðubankanum h/f

Gerði Kristjánsdóttur

Leó M. Jónssyni

Bandag-hjólbarðasólun h/f

Bergi Björnssyni og

Guðmundi Óskarssyni

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur. Málshöfðunarfræstur.

Áfrýjun. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.